

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags: 14. desember 2018
Mnr. 2017010043





ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Nýting framkvæmdafjár Eyri og efri bæ

Hverfisráð eyrar og efri bæjar hefur lagt mikla áherslu á að leiksvæðum fyrir börn verði fjölgað í efri bæ Ísafjarðarbæ. Þau hafa óskað eftir því að svæðið á gamla gæsló verði útbúið sem leiksvæði fyrir börn eftir nánara skipulagi. Einnig eru þau opin fyrir því að finna leikvelli annað svæði í samráði við starfsmenn Ísafjarðarbæjar.

Hverfisráðið hefur óskað eftir að eitt stórt leiktæki verði keypt í desember 2018 sem samsvarar fjárfestingarfé ársins 2018.

Ekki er endanlega búið að ákveða hvaða leiktæki verður fyrir valinu, en eitthvað í ætt við eftirfarandi leiktæki



Undirrituð leggur til við bæjarráð að samþykkja að keypt verði leiktæki að fjárhæð allt að kr. 2.000.000,-. Sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs ákveður hvaða leiktæki verði keypt. Leiktækið verður síðan sett upp í efri bæ Ísafjarðar í samráði hverfisráðs og sviðstjóra umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar og lögð áhersla á að leiktækið sé staðsett í samræmi við skipulag.